

## AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

### *Suðurlandsbraut 12.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 1. desember 2017, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 12 við Suðurlandsbraut. Í breytingunni felst stækkan hússins til suðurs, stækkunin myndi hýsa hótelherbergi á efri hæðum og veitingastaði á neðstu hæðinni með beina tengingu út í aðliggjandi útisvæði. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

### *Fálkabakki 1, Fálkaborg.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 12. janúar 2018, breytingu á deiliskipulagi Breiðholts I vegna lóðar nr. 1 við Fálkabakka. Í breytingunni felst að færa inn núverandi aðstæður, byggingu, stíg og bílastæði, auk þess að færa innkeyrslu, breyta lóðarmörkum, útbúa byggingarreit og skammtímastæði. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

### *Efstaland 26.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 18. janúar 2018, breytingu á skilmálum deiliskipulags fyrir lóðina nr. 26 við Efstaland. Í breytingunni felst að bætt er við texta skilmála ákvæði sem skilgreinir leyfilegan flokk gistaðstöðu og veitingaþjónustu á 3. hæð hússins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

### *Gissurargata 3.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 19. janúar 2018, breytingu á deiliskipulagi Reynisvatnsáss vegna lóðarinna nr. 3 við Gissurargötum. Í breytingunni felst hækkan á nýtingarhlutfalli úr 0,5 í 0,52. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

### *Jónsgeisli 27.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 26. janúar 2018, breytingu á deiliskipulagi Grafarholts, svæði 3, vegna lóðar nr. 27 við Jónsgeisla. Í breytingunni felst m.a. að gerður er byggingarreitur fyrir útigeymslu á lóðarmörkum Jónsgeisla 27 og 25. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 30. janúar 2018.*

**Björn Axelsson.**